



# Flugslysaæfing Akureyrarflugvöllur 15. október 2022 Lokaskýrsla



Isavia

Lögreglustjórinn á Norðurlandi eystra  
Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra

1	Efnisyfirlit	
2	Frá æfingastjórn .....	2
3	Markmið .....	3
4	Undirbúningur og framkvæmd .....	4
4.1	Fræðsluvika .....	4
4.1.1	Dagskrá Akureyri 2022 .....	4
4.2	Æfingastjórn .....	6
4.3	Ráðgjafar .....	6
4.4	Þátttaka .....	7
4.5	Handrit æfingarinnar og sviðsmynd .....	8
4.6	Veður .....	8
4.7	Vettvangur .....	8
5	Rýni .....	10
5.1	Rýnifundur í kjölfar æfingar .....	10
5.2	Vettvangsrýni ráðgjafa .....	12
5.3	Rýni meðal leikara .....	12
5.4	Rafræn rýni – allir þátttakendur .....	13
5.4.1	Hverjir tóku þátt í rýni .....	14
5.4.2	Það sem vel var gert í undirbúningur æfingar .....	14
5.4.3	Það sem vel var gert í framkvæmd/úrlausn æfingar .....	15
5.4.4	Það sem betur mátti fara í undirbúningi æfingar .....	17
5.4.5	Það sem betur mátti fara á æfingunni .....	18
5.4.6	Annað sem var tekið fram .....	20
5.4.7	Einkunn æfingar .....	22

## 2 Frá æfingastjórn

Það voru ferskir vindar í aðdraganda flugslysaáætlunar á Akureyri, fræðsla var metnaðarfull og vel tekið, góð mætin og góðar umræður. Við vorum nokkuð seint á árinu með æfinguna, mikið að gera í viðbragðsgeiranum í kjölfar Covid og verið að koma fyrir atburðum sem frestast höfðu á því tímabili. Það var því nokkuð haustlegt um að litast æfinga daganna en þær aðstæður höfðu ekki áhrif á æfinguna.

Nokkuð góð mæting var hjá viðbragðsaðilum svipaður fjöldi og verið hefur. Vettvangur var krefjandi og fengu viðbragðsaðilar að taka á fjölbreyttum verkefnum. Um far að ræða fyrstu flugslysaæfingu þar sem Aðgerðastjórn var að vinna eftir nýju skipulagi og í endurbættri og nýrri aðstöðu.

Viðbragðsaðilar á svæðinu vinna vel saman og í umdæminu er starfandi þróuð og góð Aðgerðastjórn og kom það vel fram í æfingunni. Það má segja að það sé eitthvað að ef ekkert má bæta og auðvitað komu fram fjölmargir rýnipunktur eftir æfinguna sem viðbragðsaðilar vinna nú í að laga.

Æfingarstjórnin þakkar þátttakendum fyrir góða æfingu.

01.06.2022

F.h. æfingastjórnar

Friðfinnur Fr. Guðmundsson



### 3 Markmið

Markmið flugslysaæfinga er að tryggja skipulögð viðbrögð við flugslysum á eða við flugvöll og auka færni og samvinnu viðbragðsaðila í samræmi við flugslysaáætlun viðkomandi flugvallar. Undirmarkmið eru sett fyrir hverja æfingu út frá reynslu fyrri æfinga á svæðinu og tillögum ráðgjafahóps.

Flugslysaæfingar eru haldnar vegna alþjóðlegra krafna og íslenskra laga um slíkar æfingar og samkomulags viðbragðsaðila um að halda slíkar æfingar á almannavarnastigi.

Markmið æfingarinnar eru tvönn:

- Að fræða viðbragðsaðila um þau málefni er tengjast flugslysum og efla þá í sínum hlutverkum sem tengjast flugslysaáætluninni.
- Að æfa flugslysaáætlun flugvallarins, samvinnu milli viðbragðsaðila og það vinnulag og ferla sem tilgreindir eru í flugslysaáætluninni.



## 4 Undirbúningur og framkvæmd

Undirbúningur hófst í upphafi árs þar sem samskipti eru við viðbragðsaðila og ábyrgðaraðila um dagsetningar. Mikilvægur þáttur æfinga er fræðsla þar sem lögð er áhersla á hópslysaviðbúnað og sértæka þætti flugslysa og umhverfi þeirrar flugslysaáætlunar sem um ræðir. Æfingin er einnig af þeirri stærðargráðu að gerð er handbók fyrir þátttakendur. Farið er yfir eldri æfingar og helstu rýnipunktur dregnir fram með það að markmiði að læra af fyrri reynslu. Farið er yfir flugslysaáætlun flugvallarins og hún löguð til eins og þurfa þykir þar sem aðstæður gætu hafa breyst.

### 4.1 Fræðsluvika

Boðunarprófun var framkvæmd af 112 með venjubundnum hætti á fimmtudegi.

Fræðslan var haldin út frá eftirfarandi dagskrá í gegnum netið þetta skipulag hefur þróast í kjölfar Covid og hefur mælst fyrir og eru nú fræðslukvöldunum skipt í fjarfræðslu og staðarfræðslu.. Vel var mætt fræðslu en þó aðeins misjafnt eftir efni og dögum.

#### 4.1.1 Dagskrá Akureyri 2022

Hér má sjá yfirlit yfir fræðslu í tengslum við flugslysaæfinguna ásamt dagskrá æfingadagana, fimmtudag til laugardags.

Fræðslan er hugsuð sem stuðningur fyrir komandi æfingu og er hún ýmist aðgengileg ákveðnum einingum eða öllum þátttakendum. Fræðslan er einingum að kostnaðarlausu.

**1 klst Flugslysavettvangur og flugvélaeldur *Isavia***

**1 klst Rannsóknarnefnd samgönguslysa fyrir slökkvilið *RNSA***

#### Þriðjudagur 04. október

**12:30-13:00 Kennslanefnd RLS fyrir lögreglu *RLS***

Staðsetning: Lögreglustöð (Fjarfundur á skjá)

- Almennt um Kennslanefnd lögreglu, reglugerð, verklagsreglur, samsetning nefndarinnar og alþjóðlegt samstarf.
- Hvernig eru kennsl staðfest.
- Hlutverk Kennslanefndar á stórslysavettvangi – söfnunarsvæði látinna o.fl.

**13:00-14:30 Rannsóknarnefnd samgönguslysa fyrir lögreglu *RNSA***

Staðsetning: Lögreglustöð

#### Fimmtudagur 06. október

**19:30-20:30 Umgengni við þyrlur – Fjarfræðsla** fyrir allar viðbragðseiningar. *LHG*

**20:30-21:30 Fjarskipti - Fjarfræðsla** - fyrir alla viðbragðsaðila *Neyðarlínan*

- Almennt um fjarskipti, fjarskiptaáætlun og fjarskiptabúnað (tækin)

#### Mánudagur 10. október

**19:30-20:30 Bráðaflokkun - Fjarfræðsla** - fyrir alla viðbragðsaðila *LSH*

- Fræðsla fyrir alla sem koma að bráðaflokkun og umönnun slasaðra.

**20:30-21:30 Sálrænn stuðningur - Fjarfræðsla** fyrir allar viðbragðseiningar. *Rauði kross Íslands*

- Kynning og helstu áherslur í sálrænum stuðning.

### **Priðjudagur 11. október**

#### **17:00-20:00 Fræðsla fyrir vettvangsstjórn (VST) AVD/FMR**

*Fyrir þá sem starfa í vettvangsstjórn*

Staðsetning: Húsnæði Aðgerðastjórnar, Hjalteyrargötu 12.

- Verkaskipting SÁBF með áherslu á vettvangsstjórnun.
- Verkpáttastjórar og boðleiðir þeirra samkvæmt fjarskiptaáætlun.

### **Miðvikudagur 12. október**

#### **17:00-20:00 Fræðsla fyrir aðgerðastjórn (AST) AVD/FMR**

Staðsetning: Húsnæði Aðgerðastjórnar, Hjalteyrargötu 12.

- Verkaskipting SÁBF og á milli SST, AST og VST.
- Verkpáttastjórar og boðleiðir þeirra samkvæmt fjarskiptaáætlun.

### **Fimmtudagur 13. október**

**10:00 Boðunarprófun** – Allir á boðunarlista 112 vegna flugslyss á flugvellinum. 112  
Ef þú færð ekki boð láttu talsmann þíns viðbragðshóps eða ráðgjafa vita til lagfæringar.

#### **19:30-22:00 Setning æfingar – Staðfundur/Fjarfundur - Allir þátttakendur**

Staðsetning: Verkmenntaskólinn á Akureyri.

Dagskrá:

- Setning æfingar Lögreglan
- Kynning, tilgangur flugslysaæfinga Isavia
- Flugslysaáætlun fyrir flugvöllinn og endurbætur Almannavarnir o Fjarskiptaskipulag aðgerða
- Almenn um skipulag í hópslysum (SÁBF) Isavia o Hverjir eru hvar og helstu hlutverk
- SST, AST, VST
- Verkefni RKÍ og SL á flugslysaæfingum Ráðgjafar RKÍ og SL o Hvernig nýtum við bjargir
- Flæði slasaðra, frá slyssað að sjúkrahúsi Landspítali
- Rannsókn flugslysa og verndun gagna RNSA
- Praktísk atriði í tengslum við æfinguna Isavia o Gangur æfingar
- Akstur á svæði
- Vettvangur
- Leikarar
- Alvara – Alvara – Alvara
- Við lok æfingar

### **Föstudagur 14. október**

#### **14:00-17:00 Skrifborðsæfing fyrir stjórnendur og verkpáttastjóra Isavia / AVD**

Staðsetning: Bílageymsla Isavia á Akureyrarflugvelli.

Þeir sem taka þátt; aðgerðastjórn\*, vettvangsstjórn og verkpáttastjórar.

Allir taki með tetrastöðvar og handfrjálсан búnað (einnig áhorfendur).

\*Aðgerðastjórn verður staðsett í húsnæði sínu.

#### **20:00-21:00 Kynningarfundur fyrir leikara / þolendur Umsjónaraðili leikara**

Staðsetning: Verkmenntaskólinn á Akureyri.

### **Laugardagur 15. október**

### 10:30 Förðun leikara Umsjónaraðili leikara

Staðsetning: Verkmenntaskólinn á Akureyri

### 14:00 Flugslysaæfing hefst – Allir þátttakendur

- Fyrir æfingu verður dreift handbók á þátttakendur.
- Að lokinni æfingu ganga starfseiningar frá búnaði og stjórnendur/verkbáttastjórar taka saman punkta fyrir rýnifund.
- Í lok æfingar er boðið uppá hressingu fyrir alla þátttakendur í Verkmenntaskólanum á Akureyri þar sem rýnifundur æfingar fer fram.

### 16:30 Rýnifundur fyrir þátttakendur æfingar

Staðsetning: Verkmenntaskólinn á Akureyri.

(Athugið er fyrr eða seinna, er í ca. beinu framhaldi þegar æfingu er lokið, tímasetning gefin út í fjarskiptum).

1. Almennt um/stóra myndin Æfingastjóri
2. Samhæfingarstöð Ráðgjafi SST
3. Aðgerðarstjórn Aðgerðarstjóri
4. Vettvangsstjórn Vettvangsstjóri
5. Leit og björgun Björgunarstjóri
6. Söfnunarsvæði slasaðra Aðhlyningarstjóri
7. Lokanir/umferð/talning Gæslustjóri
8. Móttaka og flutningur Flutningastjóri
9. Aðstandendur/fjöldahjálpar/SSS Rauði krossinn
10. Umsögn ráðgjafa Ráðgjafar
11. Umræður Orðið laust
12. Næstu skref Isavia
13. Æfingu slitið Lögreglan

Allir þátttakendur fá sendan link á rýnikönnun að lokinni æfingu.

## 4.2 Æfingastjórn

Æfingastjórn var skipuð fulltrúum frá lögregluþyrifvöldum á svæðinu, fulltrúum almannavarna ríkisins og Isavia.

Æfingastjóri	Elva Tryggvadóttir	Isavia
Æfingastjórn	Friðfinnur Fr. Guðmundsson	Isavia
Æfingastjórn	Halldór Hólm	Almannavarnir
Æfingastjórn	Friðjón Viðar Pálmason	Almannavarnir
Æfingastjórn	Hermann Karlsson	Lögreglan á Norðurlandi eystra

## 4.3 Ráðgjafar

Ráðgjafar koma víða að og eru bæði tengiliðir við ýmsar viðbragðsaðila, stofnanir, félagasamtök og fyrirtæki sem hafa hlutverk í áætluninni. Þeir aðstoða við undirbúning og fylgjast með einstaka þáttum æfingarinnar og skila umsögnum um hvernig til tókst.

Ráðgjafi	Grétar Karlsson	Isavia – Vettvangur
Ráðgjafi	Þórður Þórðarson	Isavia – Vettvangur
Ráðgjafi	Garðar Eðvaldsson	Isavia – Vettvangur
Ráðgjafi	Magnús Orri Einarsson	Isavia – Slökkvifræðsla
Ráðgjafi	Toni	Isavia - Vettvangur
Gestur	Anna Berglind	Isavia
Gestur	112	

Gestur	112	
Ráðgjafi	Ólafur Jónsson	Isavia
Ráðgjafi	Örvar	Rauði Kross Íslands
Ráðgjafi	Þorgerður	Landspítalinn
Ráðgjafi	Guðbrandur Örn Arnarsson	Slysavarnafélagið Landsbjörg
Ráðgjafi	Karen Ósk Lárusdóttir	Slysavarnafélagið Landsbjörg
Ráðgjafi	Jón Sigurðsson	Slysavarnafélagið Landsbjörg
Ráðgjafi	Einar Strand	Slysavarnafélagið Landsbjörg
Ums.leikara	Vigdís Björk Agnarsdóttir	Isavia
Ums.leikara	Soffía Helga Valsdóttir	Isavia
Ums.leikara	Áslaug I. Sveinbjarnardóttir	Isavia

#### 4.4 Þátttaka

Þátttaka var ágæt, svipaður fjöldi og á síðustu æfingum. Góður fjöldi tók líka þátt í fræðslukvöldum.

Samhæfingarstöðin	8
Aðgerðastjórn Norðurlandi eystra	14
Neyðarlínan	2
Björgunarsveitin Súlur	35
Hjálparsveitin Dalbjörg	7
Björgunarsveit Hríseyjar	0
Björgunarsveitin Týr Svalbarðsströnd	4
Björgunarsveitin Dalvík	15
Björgunarsveitin Ægir Grenivík	4
Björgunarsveitin Tindur Ólafsfirði	3
Svæðisstjórn svæði 11	6
Flugrekstrar og afgreiðsluaðilar	5
Isavia Flugturn	3
Isavia Flugvallarþjónusta	10
Heilsugæslan á Akureyri	2
Sjúkrahúsið á Akureyri	20
Landspítalinn	0
Rauði Krossinn á Íslandi	8
Landhelgisgæslan	5
Lóðsinn á Akureyri	0
Lögreglan á Norðurlandi eystra	10
Slökkvilið Akureyrar	12
Sjúkrabílar Akureyri	7
Sjúkrabíll Dalvík	0
Rannsóknanefnd samgönguslysa	0
Samráðshópur um áfallahjálp	0
<b>alls</b>	<b>172</b>
Gestir	2
Leikarar	45
Ráðgjafar	22
<b>alls</b>	<b>69</b>
ALLS (án SST)	241
<b>Allir</b>	<b>249</b>

#### 4.5 Handrit æfingarinnar og sviðsmynd

ATR 72 frá flugfélaginu Fly No More tilkynnir um bilun í glussakerfi í aðflugi að braut 01 vandamál með stjórnun vélarinnar 47 sálir um borð 44 farþegar og 3 í áhöfn og 2,5t af eldsneyti

Við landingu lendir vélin á annarri vél TF-Heyþú.

Boðun - Hættustig

- Bjargir fara frá bækistöðvum og á MÓT

Boðun - Neyðarstig

- Bjargir fara á vettvang út frá áætlun



#### 4.6 Veður

Veður hefði getað verið betra, köld norðanátt, snjóaði í fjöll.

#### 4.7 Vettvangur

Vettvangur var austan flugbrautar. Tvær flugvélar höfðu rekist saman og var önnur vélin túlkuð með flugvél TF-Heyþú sem er í umsjón og eigu BIAR þar voru inni slasaðir, Rúta túlkaði stærri vél þar sem var nokkur fjöldi slasaðra, einnig voru bílflök notuð í slökkviæfingar og klippivinnu. Vettvangurinn var krefjandi.



Frekari myndir frá æfingunni má finna á síðunni Flugslysaæfingar á Facebook.



## 5 Rýni

Rýni er einn af mikilvægu þáttum í kjölfar æfinga. Rýnin er með tvennum hætti, annars vegar eru teknir rýnipunktur í kjölfar æfingar þar sem helstu verkþáttastjórar og ráðgjafar fara stuttlega yfir sína punkta. Í framhaldinu fá allir þátttakendur hlekk á rafræna rýni. Með þessum hætti koma fleiri að rýni æfingarinnar og fjölbreyttari sjónarmið koma fram. Rafræn rýni er tekin saman í lokaskýrslu æfingar og geta viðbragðsaðilar þá nýtt skýrsluna til eflingar styrkleika eða umbóta þar sem við á.



Mynd. Rýniferli æfinga.

### 5.1 Rýnifundur í kjölfar æfingar

Rýnifundur var haldin í Verkmenntaskólanum í lok æfingar þar sem mæting var góð.

**Elva Tryggvadóttir.** Þakkar fyrir þátttökuna. Æfingin gekk afar vel. Elva fór yfir framgang æfingarinnar og sviðsmyndina.

**Björgunarstjóri – Siggi Sæm.** Fór yfir störf björgunarstjóra. Slökkvistarf gekk vonum framar, nokkur víðfeðmur vettvangur og veðrið setti strik í reikninginn. Bjargir komu á vettvanginn og stóðu sig vel gengu strax til verks. Vettvangur var hlutatryggður, allir höfðu verkefni. Einhverjir óflokkaðir fóru af SLY. Ferlið rúllaði þannig að aldrei var bið á flutningi af slysstað, því fóru slasaðir eftir hendinni af slysstað óháð bráðaflokkun. SLY var þannig uppsettur að hann var flókinn og skemmtilegur en í raun þurfti ekki að nota bráðaflokkunina til að flokka af slysstað. Ákvarðanir og stjórnun var á öllum verkefnum afar ánægður með það.

**Grétar ráðgjafi björgunarstjóra** – Flott samstaf milli aðila, voru vel mannaðir á SLY vel unnið, heilt yfir geta verið ánægðir með sín störf.

**Gæslustjóri – Sigurbjörn.** Jóhann Ólsen til halds og trausts. Setti upp akstursskipulag og röðun tækja á SLY. Settu upp talningu inn og út af SSS. Rannsóknarvinna eftir að lífsbjargandi aðstoð líkur. Gekk held yfir afar vel. Takkar fyrir sig og skipulagið.

**Ráðgjafi – Hermann.** Gæslustjóri lagði skýrar línur og átti góð tengsl við alla sem að komu. Talningarmál gengu vel. Verkefni gæslustjóra og gæslustörf voru því afar vel afgreidd.

**Flutningastjóri – Smári.** Fengu strax mikið af björgum. Feillinn kannski að biðja ekki um meira dót. Láta VST og AST að útvega meira, það var ákveðin fráflæðivandi þar sem sjúkrabílnir voru fastir á SLY. Flutningur var framkvæmdur af björgunarsveitarbílum. Þarf að fá sjúkrabílna fyrir til að flytja frá SSS á Sak. En tekur fram að hann það ekki um það. Upplýsingar bárust um flutning áhafnar, en fórst fyrir að koma því til lögreglu. Misskilningur með strætóinn sem átti að vera bakskipulag.

**Ráðgjafi – Karen.** Sama með strætóinn og áhöfnina. Flutningastjóri vel virkur um allt svæðið. Vel gert.

**Aðhlyningarstjóri. Berglind.** Í Heldina gekk þetta afar vel, undirmönnun var á SSS eins og búast mátti við, RKÍ stjórð sig vel á græna svæðinu. Samstaf við alla gekk afar vel. Tekur undir að fráflæði hefði mátt vera fyrir.

**Ráðgjafi aðhlyningarstjóra.** – flæðið inn á SSS gekk vel. Slasaðir voru að koma inn á svæðið jafnt og þétt sem hjálpar til á SSS. Það þarf margar hendur inn á SSS og beðið var um það, Samskiptin gengu vel milli stjórnenda á SSS og aðra eins og SST. Kalt á SSS, hefði mátt vera með hitablásara á SSS.

**Vettvangsstjóri Kári – VST** reyndist vel og settar voru upp búkmyndavélar á nokkra lykilstaði sem gaf góða yfirsýn og verður notað í framtíðinni. Fjarskipti gengu afar vel, ekki var víkkað út fjarskiptaskipulagið voru á Blár 6-0 allan tímann. Bein samskipti milli verkþáttastjóra sem gekk afar vel. Helsta pressan var að útvega tölur. Gekk afar vel. Tók um 90 mín að tæma slyssaðinn þrátt fyrir að þurfti að sinna björgun fastklemmdra á SLY. Einbeittu sér að SLY og flutningi af SLY vegna veðurs. Þakka þeim sem að stóðu að æfingu, fræðslu og öðru.

**Ráðgjafi VST – Halldór.** VST stóð sig afar vel, fjarskipti og allt skipulag vel útfært og framkvæmt. Þakkar leikurunum sérstaklega fyrir þeirra þátt.

**Rauði krossinn** – æfingin gekk gríðarlega vel og heimamenn í Rauðak krossinum stóðu sig afar vel ásamt samstarf við aðhlyningarstjóra. Það var kalt og leikurum var mjög kalt, þarf að skoða. SSS var frekar lítið og þröngt á þingi.

**AST Kristján.** Úrvals fólk í AST. Stafvið gekk afar vel. AST orðin vel þjálfuð. Samskipti við VST gengu vel og skiptir miklu máli að fá tímalega upplýsingar um framgang á SLY. Endanleg talning á SSS skiptir máli. Frábær æfing, gekk vel. Notar tækifærið og þakkar öllum sem að komu sérstaklega leikurunum.

Fyrir hönd lögregluna þakkar aftur öllum.

**Ráðgjafi AST Friðjón,** ljóst að fólk í AST hefur gert þetta áður og kyrð og ró yfir verkefnum í AST. Er með punkta frá SST, gott að geta æft loftbrú, samskipti góð, vantaði betri tölur, vantaði frá turni hvernig vél og frá hverjum. Vantaði að láta SST með hvort þeir eiga að taka fjölmiðla og einnig þegar aðrir fara að sinna því.

**Icelandair – Stephanie** rekstrarstjóri Fly No More. Sendu fulltrúa í AST eins og um þeirra vél væri að ræða og lokun á flugstöð eins og verkferlar gera ráð fyrir. Skortur af aðstandendum til að taka þátt til að auka álag en flott samt og þakkar fyrir æfinguna.

## **Orðið laust.**

Spurning um hvað voru margir slasaðir fundust allir. ET 51 í heildina allir fundust.

Það kom einn gangandi rauður í SSS, ýtreka að bráðaflokka rétt munum að of flokkun getur þýtt að aðrir sem þurfa þjónustu fá hana jafnvel ekki.

Leikari. Tók eftir því við umönnun að upplýsingarnar um hana fylgdu henni ekki, alltaf þurfti að byrja aftur að afla upplýsinga um þann slasaðra.

**Umsjón leikara** þarf að skoða SSS mjög vel með aðstöðuna og kuldann í húsinu. Verður að laga það. Allir leikarar afar ánægðir með þá þjónustu sem þau fengu.

Elva þakkar fyrir aðkomu allra að æfingunni og slítur henni.



## 5.2 Vettvangsrýni ráðgjafa

Ráðgjafar skila inn rafrænni rýni að lokinni æfingu.

## 5.3 Rýni meðal leikara

Leikarar skiluðu rafrænni rýni í lok æfingar, 93% leikarar tóku þátt í rýnikönnun og var upplifun þeirra góð.

### Fékkstu góðar upplýsingar fyrir hlutverk þitt:

89% svöruðu já

0% Nei

11% ekki viss

### Hugsuðu umsjónaraðilar æfingar vel um þig á vettvangi:

100% svöruðu já

### Hugsuðu viðbragðsaðilar vel um þig á vettvangi

96% svöruðu já

0% nei

4% Ekki viss

#### **Aldursbil leikara**

37% 10-15 ára

30% 15-20 ára

7% 20-25 ára

26% 25 ára eða eldri

#### **Hvaða einkunn gefur þú æfingunni 0-5**

4,5

#### **Annað sem betur mátti fara á æfingunni**

- Mætti vera matur fyrri grænmetisætur
- Skráning um morguninn gekk hægt, mættu vera tveir í skráningu.
- Enginn nefndi neitt sem hefði mátt fara betur.



#### **5.4 Rafræn rýni – allir þátttakendur**


Rýni fór á alla þátttakendur rafrænt og má sjá niðurstöður hennar hér að neðan. Niðurstöður rýni fara til úrlausna hjá einstaka viðbragðsaðilum eftir því sem við á.

Mikilvægt er að hver og einn aðili og viðbragðsaðilar saman taki á þeim rýnipunktum sem fram hafa komið og er það undir hverjum og einum að gera slíkt.

#### 5.4.1 Hverjir tóku þátt í rýni

49 aðilar tóku þátt í rafrænni rýni sem er ca 1/3 af úrlausnaraðilum, ágætis þátttaka en mátt vera meiri, þátttaka skýrist hugsanlega af góðri mætingu á rýnifundinn eftir æfinguna og ekki þörf á viðbótar rýni út frá því sem þar kom fram.

Neyðarlínan 112	0
Lögregla	7
Isavia Flugvallarþjónusta	5
Isavia Flugturn	0
Slökkvilið	6
Sjúkraflutningar	0
Heilbrigðisþjónusta	8
Svæðisstjórn björgunarsveita	5
Björgunarsveit	13
Rauði krossinn	3
Landhelgisgæslan	0
Rannsóknarnefnd samgönguslysa	0
Flugrekstrar- og / eða þjónustua...	1
Other	1



#### 5.4.2 Það sem vel var gert í undirbúningur æfingar

Ekki eru öll svör birt tekin eru út eins svör.

- Tók ekki þátt í því vegna vinnu
- Fræðsla og æfingar til fyrirmyndar
- Fínt, svo sem sama og áður.
- Flott rafræn fræðsla og Elva Hrönn Smáradóttir var líka með góða fræðslu fyrir hjúfræfinga
- Fundir og fræðsla til fyrirmyndar. Gott að hafa þetta á Teams.
- Fundir og fræðsla gengu vel, mætti jafnvel vera meira og fjölbreyttara.
- Einn úr hópnum var búin að yfirfara og setja niður gátlista fyrir hlutverkum, búið að funda og renna yfir hvað við myndum gera við útkall, ákveða nokkra hlut í verklagi og í hvaða röð þeir færu, prenta út eyðublöð til útfyllingar Undirbúningur með töflu og skráningu meðan á æfingu stóð.
- Mjög vandaður undirbúningur og fræðsla vel sett fram.
- Mér fannst undirbúningur góður, góð fræðsla. Skrifborðsæfingin var góð, tók mesta hrollinn úr liðinu og gerði viðbragðsaðila betur undirbúna.
- Þetta var mjög vel heppnuð æfing í alla staði.

- Já mjög vel, mjög gott að fá fræðslu úr öllum áttum. Ég hafði mjög gott af og gaman af að rifja upp fyrir æfinguna og langar að hrósa Rögnvaldi fyrir hans fyrir lestra sérstaklega
- Mjög gott að geta horft á fyrirlestrana dagana á undan og rifjað upp.
- Ég fór á fræðslu almanna um SÁBF og skrifborðsæfingu og voru báðar mjög góðar og gagnlegar.
- Fræðsla starfsmanna gekk vel og vel skipulögð hlutverk hvers og eins skv. verklagi.
- Virkilega vel að því staðið, bæði hjá Súlum á björgunarsveit sem og stjórnendum aðgerðarinnar.
- Æfingar gengu vel og margir áhugaverðir fyrirlestrar. Hefði þó viljað hafa aðgang að fyrirlestrum fyrr svo hægt væri að byrja lesa fyrr. Jafnvel að hafa aðgang að þessu lengur.
- Mjög fínir fjarfundir um hin ýmsu mál sem tengjast hópslysum.
- Fræðslan frá RKÍ og önnur fræðsla á fimmtudagskvöldinu sem var hægt að fylgjast með mjög fróðleg.
- Mér fannst allur undirbúningur ganga vel. Allar vaktir hjá Lögreglunni og tvær vaktir hjá Slökkviliði Ak. komu í stutta kynningu um Akureyrarflugvöll og ég held að það hafi verið fróðlegt fyrir þau.
- Ekki alveg marktækt þar sem ég tók bara þátt í fundinum í VMA, hann var fín og gott að hafa hann á netinu líka.
- Mér fannst almennt allt ganga mjög vel fyrir æfinguna. Afar vel skipulögð fræðsla og fundir sem einfalt var að nálgast.
- Að ná tveimur rennslum á skrifborðsæfingu var einnig mjög gagnlegt, það bauð upp á að prófa sig áfram með útfærslur og átta sig á hvar mest álag yrði t.d. í fjarskiptum.
- viðburðir og fyrirlestrar fyrir æfingu voru vel undirbúnir og stjórnendur vil inni í málum.

#### 5.4.3 Það sem vel var gert í framkvæmd/úrlausn æfingar

- Fannst hún hafa gengið vel
- Heilt yfir gekk æfingin vel, hefði gjarnan mátt verða meira áreiti m.a. frá aðstandendum eða fjölmiðlum í gegnum mót
- Samskipti og skipulag
- Vinna í AST gekk í heildina mjög vel. Fólk orðið rútinerað í sínum hlutverkum. Náðum góðum lifandi myndum inn í AST af SLY, SSS og MÓT. Það var frábær viðbót. Létum reyna meira á Áætlanir en oft áður og held ég að það hafi verið mjög þarft. Verkaskipting flott, stöðufundir góðir, flott einbeiting og fagmennska í AST.
- Samvinna og unnið eftir áætlun gekk að mestu vel. Starfsandi góður og samskipti góð.
- Góð og skilvirk samskipti, allir sinntu sínu hlutverki vel á SAK, góð samvinna
- Skipulag og uppsetning góð, samskipti gengu vel.
- Mér fannst hún bara ganga vonum frammar
- Hópurinn sem ég var með á dælubílum. Leysti verkefni vel voru mjög lausnamiðuð og sjálfstæð í vinnu.
- Mjög gott rennsli á allri vinnu, sem að ég sá. Engin stór vandamál sem settu vinnuna á stopp.
- Fjarskipti
- Bara vel. Það komu ekki upp neinar katastrófur innan AST, samvinna var góð, einbeitt, ekkert stress eða panikk í mannskapnum. Þó vorum við 4 tiltölulega miklir nýliðar í svæðisstjórn sem stóðum vaktina þar.
- Fjarskipti gengu mjög vel. Vinnan í mínum hóp/hlutverk gekk mjög vel (slökkvi- og klippivinna).
- Hve allur voru yfirvegaðir og samstilltir, virtist sem allir væru með ákveðið hlutverk og unnu það mjög vel

- Talning inn og út af sss. Flutningur af slysavettvangi og inn á sss.
- Rennsli og flæði sjúklunga gekk vel. Upplýsingagjöf frá Viðbragðsstjórn til græna svæðið gekk vel og voru þau nokkuð fljót að finna til þar sem kallað var eftir. Samskipti Græna svæðis við vaktstjóra BMT og flutningur sjúklings sem varð gulur á græna svæði gekk mjög vel. Hlutverk og aðstoð öryggisvarða gekk vel.
- Samhæfing góð. Aldrei aðgerðalaust fólk í bið.
- Mér fannst heilt yfir æfingin ganga mjög vel, slökkvarar voru flottir á vettvangi og björgunarsveitir stóðu sig við að aðstoða og flytja frá vettvangi
- Skjót viðbrögð og flott samstarf í SSS
- Hvað mitt hlutverk varðar: sem lögreglumaður sem fékk það hlutverk að stýra umferð til og frá slyssað, þá var örlítið chaos í byrjun varðandi lagningu allra bifreiða við vettvang. Eðlilegt að það sé chaos í byrjun en það gekk vel að greiða úr því.
- Gott að geta leitað til ráðgjafa
- Þau verkefni sem mitt teymi fékk á æfingu gekk vel. Erfitt að segja til þar sem ég sá aldrei bráðar flokkun og vinnuna inna SSS
- Mér fannst flutningur slasaðra ganga mjög vel og gott flæði inn á SSS.
- Slasaðir sem komu inná græna svæðið runnu ágætlega vel í gengum svæðið. Góð samskipti á milli okkar og Aðhlyningarstjórnum en hefði verið gott að fá að vita strax að þær voru tvær. Alltaf gott að sjá hve faglegir viðbragðsaðilar okkar eru.
- Æfingin heilt yfir gekk mjög vel og samvinna okkar sem vorum í Vettvangsstjórn var með miklum ágætum. Það var frábært að vera í Vettvangsstjórnarbíl, þá gátum við fært okkur til og haft góða yfirsýn yfir slyssaðinn og næsta nágrenni. Fjarskipti gengu vel.
- Heilt yfir fannst mér æfingin ganga vel. Slökkvivinnan og klippi vinnan gekk vonum framar.
- Það sem gengur almennt illa fannst mér ganga vel á þessari æfingu, fjarskiptin gengu smurt.
- Við vorum vel undirbúin og mér fannst æfingin ganga vel
- Fjarskipti tókust vel, og ánægjulegt að tókst að keyra fjarskiptin í grunninn á einum talhópi (Blár 6-0) auk samskipta VST-AST o.s.frv. Þarna hafa t.d. björgunarsveitir tekið sig á og engin óþarfa fjarskipti fóru í loftið (eins og stundum hefur verið: Súlur 6 fer úr húsi með.....). Þá voru bein samskipti verkþáttastjóra sín á milli góð og minnkaði flækjustig. Staðsetning verkþáttastjóra skipti einnig máli, t.d. það að flutningastjóri gat farið og talað beint við aðhlyningarstjóra andlit-í-andlit einfaldaði boðleiðir þar.
- Þá var prófað að koma búkmyndavélum lögreglu fyrir á 2 stöðum, í SSS og við MÓT og gátu þannig VST og AST séð beint streymi þaðan í sínum stjórnstöðvum. Þetta er eitthvað sem er einfalt og fljótlegt að koma við og hjálpar töluvert.
- Innan VST var því fyrirkomulagi komið á að samskiptum við verkþáttastjóra og við aðgerðastjórn var skipt niður á þá sem mönnum VST. Um leið bar sá meðlimur VST í raun ábyrgð á þeim málaflokki. Er verkþáttastjórinn hafði samband var alltaf vitað hver myndi taka boltann og sá var inni í þeim málum.
- Vel kom út að nota nýja VST-bílinn á svæðinu, Húninn. Hægt var að færa hann til á vettvangi eftir aðstæðum og þar var akkúrat pláss 5 manns til að athafna sig.
- Allir sem að æfingu komu, bæði stjórnendur, viðbragðsaðilar og leikarar auk æfingastjórnar skiluðu afar góðu verki. Ég vil þó sérstaklega minnst á hvað verkþáttastjórar stóðu sig vel, voru skörulegir og gengu í þau verk sem þurfti að sinna. Að hafa góða verkþáttastjóra er lykill að góðri aðgerð.
- Það björgunarfólk sem ég starfaði með inn á SLY var allt starfi sínu vaxið, tók stjórn á sínum vettvangi ef þess þurfti, útsjónarsamt og leysti verkefnið vel. Flæðið var mjög gott og verkefnið leyst af fagmennsku.

- Fjarskipti um TETRA voru aðdúunarverð afar yfirveguð samskipti, skýr og skornort, einstakt að geta verið með svo stóran vettvang á að mestu á einum talhópi.
- Samskipti milli VS og verkþáttastjóra og milli verkþáttastjóra gengu prýðilega. Nánast engin bið í fjarskiptum og má það þakka yfirveguðum samskiptum hins almenna björgunarmanns.



#### 5.4.4 Það sem betur mátti fara í undirbúningi æfingar

- Vera með samantekt hvað er nýtt svo það veiki sérstaklega eftirtekt.
- Æfingastjóri gleymdi að upplýsa viðbragðsstjórn um skrifborðsæfingu
- Það var fremur óljóst eða ruglingur hjá mörgum, bæði leikurum og greiningarfólki hvenær átti að notast við upplýsingar 1. og 2. þegar áverkamat / skoðun fór fram. Það hefði etv. þurft að leggja meiri áherslu á það.
- Mætti vera fjölbreyttara. Munur á fræðslu fyrir VST og AST nánast það sama.
- Boða viðbragðsstjórn SAK á skrifborðsæfinguna
- Ég hefði verið til í að fá smá lýsingu á hvaða persónulega búnað maður þurfti að taka með sér
- Hefði gjarnan samt viljað sjá meira frá SAK en LSH þar sem persónulega finnst mér LSH stundum ekki alveg tengt við landsbyggðina og aðstæður hér.
- Kannski að bjóða yngri aðilum aðeins betri stuðning varðandi ferlið
- Gera meira úr skrifborðsæfingunni.
- Þá jafnvel hafa hana á einni af fundunum sem voru líka á Teams.
- Fá aðgengi að fræðslunni fyrr
- Almenn hefði mátt taka fyrir hvernig björgunarsveitir koma að svona stórum slysum og garentera okkar hlutverk í áætluninni.
- Gat ekki tekið þátt vegna vinnu

- Koma uppl til allra sem tóku þátt
- Fengum senda dagskrána of seint. Fengum hana senda 10. okt. en t.d. á dagskrá var þann 6. okt. fræðsla um Umgengni við þýrlur – Fjar fræðsla fyrir allar viðbragðseiningar og Fjarskipti – Fjar fræðsla - fyrir alla viðbragðsaðila sem einhverjir hefðu viljað geta nýtt sér. Fræðslan er opin út október sem er vel gert en alltaf gott að taka hana fyrir æfingu.
- Tvær af fimm vöktum hjá Slökkvilið Ak. komu í stutta kynning á Akureyrarflugvöll. Það hefði verið gaman og gagnlegt að ef allir vaktir hefðu komist.
- Fá betra veður....
- Hefði mögulega verið gagnlegt að hitta björgunarsveitarfólk þar sem við unnum mjög náið með þeim.
- Ekkert stórvægilegt, hefði veri betra að hafa Rögnvald á staðnum en ekki í fjarfundir



#### 5.4.5 Það sem betur mátti fara á æfingunni

- Það eru nokkrir sem mætu hlusta betur þegar verið er að tala í talstöðvar
- Æfingalega vantaði alveg hvernig sjúkraflug átti að fara fram.
- Hjá okkur vantaði svolitla heildarsýn á umfang rauðra gulra og grænna og tafir urðu miklar á sjúklingaflæði sem myndi held ég vera öðruvísi í raunveruleikanum
- Það vantaði oft fól til að taka á móti fólki sem flutt var á greiningarsvæðið þ.e. til að flytja fólk úr bílunum og einnig til að flytja/fylgja fólki af greiningarsvæðinu yfir á grænt, gult og rautt svæðin.
- Alltaf einhver atriði sem maður þarf að rifja betur upp úr áætluninni. T.d. meðferð farþegalista.
- Einstaka maður hrópaði í mic á talstöðinni (ekki þó í AST)
- Lenti í smá brasi við að prenta út gögn í AST.

- Hefðum þurft að skilgreina betur þörf fyrir og not af varðskipi.
- Aðeins of langt á milli þeirra sem voru með SAK/HSN og þess sem var með fjarskipti við SST
- Illa gekk að fá upplýsingar af SLY um fjölda og ástand slasaðra.
- Innanhús mál á SAK sem þarf að skerpa á/breyta verklagi
- Móttaka áhafnar meðlima - flutningur og hafa þau sér á sjúkrahúsi
- Leið langur tími þangað til fyrstu sjúklingar fóru að berast á BMT
- Fremur kalt á söfnunarsvæði slasaðra (gustur í gegn þegar stóru dyrnar voru opnaðar). Gagnlegt hefði verið að hafa meira af sérhæfðum mannskap (1-2 reynda lækna í greiningarsveit í viðbót).
- Uppsetning á björgun fastklemda. Tveir vettvangar nákvæmlega eins.
- Það var óþarfa flækjustig að þurfa að fara að bakvinna talningu eftir að fyrstu sjúklingar komu inn á SSS án bráðaflokkunarspjalda. Hefði þurft að tryggja að enginn færi af SLY án þess að vera með spjald.
- Það sem viðkom gæslu og það sem tilheyrði gæslustjóranum þá ekki alveg nógu skýr tilkynningin frá björgunarstjóranum hvort slysavettvangur væri orðinn öruggur eða ekki. Við vorum með elda logandi á nokkrum stöðum, búið var að slökkva eitthvað af þeim en aðrir loguðu. Ég held reyndar að um alvöru slys væri að ræða þá myndi bjargir/björgunarliðið drífa sig á vettvang, hefja lífsbjargandi aðgerðir þrátt fyrir að hætta væri enn þá á vettvangi. Varðandi fjarskipti þá gengu samskipti ágætlega, liðið í gæslustörfunum leyfði meira björgunarliðinu að nota fjarskiptin. Ég persónulega hefði viljað sjá gæsluna koma á 6-3 rásina, þar hefðum við getað rætt aðeins meira á milli okkar með rannsóknina á vettvangi, sönnunargögn og þess háttar.
- Það hefði mátt reyna að koma tölulegum upplýsingum fyrr inn frá vettvangsstjórn til að hægt væri að undirbúa næsta hlekk í keðjunni í tíma. Það hefði gjarnan mátt passa betur að upplýsingar frá flutningastjóra bærust í tölulegum gögnum frá vettvangi þar sem Bjargir í AST vissu aldrei almennilega hvaða bjargir voru á vettvangi, hvaða bílar og hvaða mannskapur að hálfu landsbjargar. Persónulega hefði ég mátt fylgjast betur með Sitewatch fyrir þann hátt en það er æskilegt að flutningastjóri hefði kallað upp þá sem fara inn á vettvang eða að hóparnir kalli sig inn á vettvang á sér rás kannski. Það var mjög ruglandi fyrir alla að SST skyldi búa til sér aðgerð.
- Samskipti. Við komumst ekki að til að óska eftir klippum í langan tíma. Og stjórnun slysstaðar. Ég varð aldrei var við neinn stjóra eða stjórnun.
- Skipta samskiptum Tetra niður í fleiri hópa. Komst aldrei eða illa að til að biðja um bjargir eða aðstoð.
- Að skipuleggja betur og afmarka það svæði sem björgunarstjóri kvað öruggt áður en hann taldi allt svæðið öruggt.
- Innskráning sjúklinga hefði mátt vera skipulagðari og innskráningarblað vera betur kynnt fyrir hjfr og læknum sem sinntu áverkamati og skoðun. Ekki var nóg af höndum á æfingunni sjálfri til að sinna áverkamati og skoðun sjúklinga og því varð teppa í grænu biðstofu og því erfitt að meta þjónustu og sjúklingar fengu ekki að leika hlutverk sín til enda (t.d. þeir sem áttu að fá krampa eða annað slíkt í skoðun 2).
- 
- passa betur endurheimt á börum og brettum til að draga úr bið.
- Á staðinn mætti sérhæfður Fyrstu hjálpar hópur frá Súlum sem var settur á greiningu á SSS, í þeim hópi voru tveir aðilar sem eru aðeins búnir með Fyrstu hjálp 1 og 2, Er það nægjanlegt?
- SSS varð mjög kalt á tímabili - gott að hafa ofna. Vantaði fólk í flutning á SSS. Nýta mannskapinn betur. Hjúkrunarfræðingar sem eru líka björgunarsveitafólk er hægt að nýta á allar starfsstöðvar - sérstaklega ef búið er að skrá þeirra sérgrein fyrir fram og sérstaklega þegar að það var vöntun á Hjúkrunarfræðingum. Þá var kannski óþarfi að hafa 8 slíka upptekna í áverkamati. Varð þínu ruglingur í SSS þegar að miðar leikara voru skoðaðir því fyrsta skoðun var skráð með þp og fyrstu sjúklingar komu án greiningaspjalda. Fæstir mundu

tölnar sínar þannig að færri tölur því betra fyrir þá. Væri hægt að breyta í bráðaflokkun, áverkamat, endurmat í stað fyrsta, önnur, þriðja skoðun.

- Persónulega hefði ég viljað fá fleiri lögreglumenn á æfinguna, en utan þess hef ég ekkert út á að setja.
- Fá leikara í hlutverk aðstandenda.
- Ekkert sem ég get fundið til
- Hefði þurft fleiri hendur inn á SSS til að flytja slasaða milli svæða og í sjúkrabíl/þyrlu.
- Umferðarreglur byrjuðu rangt.
- Fleiri talrásir, almennt héldu bjargir aftur af sér á talrásinni.
- Fleiri hópa á tetra
- Það þarf að vera hægt að loka dyrum á græna svæðinu sunnan megin (fyrir Norðlendinga ;)) til að kulda trekkur sé ekki á sjúklinga. Svæðið er allt of lítið ef til alvöru flugslyss kemur. Þá er spurning hvort RK þurfi að vera með talningu inná og út af græna svæðinu, óljós skilaboð um hvort það átti að vera eða ekki eftir æfingu. Þurfa að vera íslensk ullarteppi í kerru RK til að halda kulda vel frá + flísteppin sem eru núna. Sjálfboðaliðar þurfa að fá æfingu í að setja saman bedda og taka þá saman, tímasparnaður hlýst af því.
- Aðgerðarstjórn eyddi of miklum tíma í að fá tölur af vettvangi og hver skipting sjúklinga var. Of mikil orka hjá Vettvangsstjórn fór í að reyna að svara Aðgerðarstjórn.
- Vantaði aðeins upp á búnað í útkallsbíl no 1 hjá flugvallarþjónustunni..... lausn á því máli komin í ferli
- Það sem snéri að mér þá hefðum við sem vorum björgunarstjórar átt að koma á betra skipulagi á hver var að svara hverjum.
- Það sem snýr að okkur þá þarf að skoða staðsetningu SSS. Mikill gegnum trekkur gegnum svæðið og þurfti að hlúa að leikurum, taka þá úr hlutverki og láta þá hreyfa sig svo þeir hættu að skjálfa. Ég byði ekki í alvöru sjúklinga á þessu svæði. Það mætti kannski loka milli hurðinni með plasti, það yrði alla vega skárna en best væri ef sérfræðingar skoðuðu þetta.
- leikarar voru að gefa okkur sitt á hvað tölur nr 1 eða tölur nr 2 en á sama stað það varð svolítið ruglandi og til þess að leikarar voru ekki með þau lífsmörk sem þeir áttu að hafa.
- Í rýni eftir á hefur helst verið rætt um talningu slasaðra og fyrirkomulag hennar.
- Í upphafi var vettvangur þannig að aðeins var hægt að byrja að vinna á hluta vettvangs og síðan kom í ljós ekki var hægt að komast að öllum sjúklingum strax, þar sem mjög margir voru fastir inn í bók vélarinnar.
- Leggja mætti minni áherslu á að reyna að fá nákvæmar bráðaflokkunartölur af vettvangi, sem getur verið flókið og tímafrekt, heldur frekar að björgunarstjóri geti gefið góðar stöðuskýrslur með grófum tölum en einhverri lýsingu á áverkum (brunar, höfuðáverkar o.s.frv.) svo VST-AST-SST geti áttað sig á alvarleika og umfangi.
- Þá væri gott að koma upp ákveðnu kerfi á hvenær opinberar tölur eru gefnar upp frá SSS, s.s. á 30 mínútna fresti, en aukatölur gefnar ef að hrúgast hefur inn þess á milli. Með þessu má fækka og einfalda samskiptum (AST-VST-Gæslustjóri-talning) ef þeir sem standa að talningu vita að nú farið að koma að uppgjöri. Eins væri líklega einfaldast að talningarstjórar gefi þær tölur beint upp þannig að verkþáttastjórar, VST og AST heyri öll á sama tíma.

#### 5.4.6 Annað sem var tekið fram

- Frábær æfing og flott þátttaka! Takk fyrir!
- Þetta var frábær æfing og nauðsynlegt að halda svona æfingu reglulega. Það mætti alveg halda svona æfingar oftár þó þær væru ekki í fullri útfærslu.

- Æfingin vel undirbúin og gagnleg. Æfing sem þessi þjálfar fólk ekki bara í að vinna eftir ákveðinni áætlun heldur einnig í umgengni við tæki og búnað í AST, sem er mjög mikilvægt fyrir alla vinnu í AST.
- Þakklæti til æfingastjórnar fyrir góðan undirbúning.
- Virkilega vel að þessu staðið - vel gert!
- Upp á lengd æfingarinnar. Set spurningu um það hvort að það þarf að senda alla frá SSS upp á SAK. Senda bara 2-3 í hverjum lit þangað
- Hefðu mátt vera fleiri pítsur í VMA að lokinni æfingu :)
- Mér fannst vel að þessari æfingu staðið og undirbúningsaðilar höfðu greinilega eytt fullt af klukkustundum í undirbúning og skipulagningu. Ég segja því bara: vel gert!! Og takk fyrir mig
- Takk fyrir flottan dag, þetta gekk allt upp, við eigum mikinn mannauð.
- Þetta var gaman og gagnlegt
- Þetta var mín fyrsta alvöru æfing og þetta var mjög lærdómsríkt og mjög gagnlegt í reynslubankann, finnst ég miklu öruggari og kynntist vel mínum félögum, hvernig þeir vinna og hrósa hvor öðrum
- Nei bara mjög góð og vel skipulögð æfing
- Þar sem ég sem yfirmaður græna svæðis var komin í hús fyrir kallið og var að skipuleggja svæðið fékk ég aldrei boð um hvað hafði gerst og hver áætlaður metinn fjöldi var. Hefði viljað að það hefði öllum fyrstu viðbragðsaðilum á Sjúkrahúsinu hefði verið safnað saman, kynnt að það væri slys, ca áætlaður fjöldi ef hann væri við hendi og þaðan skipað fólk á svæði (þó það hefði vitað það fyrir fram) og síðan færu allir á sínar stöðvar. En kannski er það ekki hægt þar sem fólk kemur á misjöfnum tímum.
- Lærdómsrík æfing og gott tækifæri til að stilla saman strengi.
- Langar að hrósa fyrir flotta vel skipulagða æfingu.
- Leikararnir stóðu sig frábærlega vel í erfiðum aðstæðum
- Ekki neitt frekar.
- Væri mjög gott fyrir vettvangstjóra (t.d. aðhlyningarstjóra) að fá feedback á það sem gekk vel og það sem þyrfti að bæta
- Mjög góð æfing og vel skipulögð. Mikilvætt að halda svona æfingar reglulega.
- Frá mínum sjónarhóli gekk æfingin heilt yfir afskaplega vel. Ég hafði alla vega mikið gagn og gaman að.
- Það þarf að endurskoða SSS. Þegar húsið var opið í báða enda var nístingskaldur trekkur gegnum húsið og SSS. Það er mitt mat að hefði verið um raunverulegt slys að ræða myndu margir slasaðir látast vegna ofkælingar á SSS, sérstaklega á græna svæðinu en þar er gat í veggnum sem ekki er hægt að loka. Illa gekk að halda hita á full frískum leikurunum þannig að það er aðeins hægt að ímynda sér hvernig það myndi ganga með stórslasaða sjúklinga.
- Einnig þarf að skoða betur hvernig hægt væri að hafa áhöfn aðskilda frá farþegum en það var einnig erfitt.
- Á heildina er SSS líka of lítið. hér var um að ræða 45 sjúklinga og gekk illa að koma þeim fyrir. ef þota brotlendir og koma þarf fyrir kannski 200 manns erum við engan vegin í stakk búin til þess.
- Það var skortur á uppl um fundi og æfingar og handbókinn kom ekki til allra sem tóku þátt í æfinguni
- Nauðsynlegur þáttur þessar æfingar fyrir sjálfboðaliða sem eru ekki oft á vettvangi svona stórra slysa.
- Frábær æfing og allir sem komu að þessu eiga hrós skilið fyrir undirbúning og framkvæmd.
- Frábær æfing.. takk fyrri mig :-)

5.4.7 Einkunn æfingar  
9,3

